



# VIÐAUKI MEÐ PRÓFSKÍRTEINI (\*)



## 1. STARFSHEITI - HEITI STARFSGREINAR EÐA NÁMSBRAUTAR

### Sjúkraliði - sjúkraliðabraut

## 2. ÞÝTT HEITI SKÍRTEINISINS

### Licenced practical nurse

Þessi þýðing hefur ekkert lagalegt gildi.

## 3. LÝSING Á KUNNÁTTU OG FÆRNI

### Handhafi

- býr yfir almennri og sérhæfðri þekkingu, leikni og hæfni til þess að vinna hjúkrunar- og umönnunarstörf á faglegan hátt
- er fær um að vinna sjálfstætt, sýna frumkvæði og forgangsraðar verkefnum með þarfir skjólstæðinga að leiðarljósi
- rökstyður þá hjúkrunarmeðferð sem hann framfylgir hverju sinni
- metur ástand skjólstæðinga í samvinnu við aðrar fagstéttir og skráir matið samkvæmt viðurkenndum verklagsreglum á hverjum tíma
- sýnir virðingu og gætir þagmælsku í störfum sínum
- miðlar þekkingu til skjólstæðinga, aðstandenda, samstarfsmanna og nema
- býr yfir góðri samskiptafærni til að geta átt samskipti við ólíka einstaklinga með ólíkar þarfir og tekur þátt í þverfaglegu samstarfi á vinnustað
- býr yfir tölvukunnáttu, hefur þekkingu á varðveislu upplýsinga, upplýsingaleit og skráningakerfum
- þekkir lög og reglugerðir sem starf hans heyrir undir og fylgir þeim í daglegu starfi
- vinnur eftir gæðaviðmiðum/gæðahandbók, þekkir vinnuvernd og öryggisferla á vinnustað og er fær um að veita skyndihjálp ef slys eða óhöpp ber að höndum

## 4. STARFSSVIÐ SEM SKÍRTEINISHAFI HEFUR AÐGANG AÐ

Starfsvettvangur sjúkraliða er á sjúkrahúsum, hjúkrunarheimilum, heilsugæslustöðvum og öðrum heilbrigðisstofnunum. Sjúkraliði starfar á hjúkrunarsviði og vinnur undir stjórn þess hjúkrunarfræðings sem fer með stjórn viðkomandi stofnunar, deildar eða hjúkrunareiningar og ber ábyrgð á störfum sínum gagnvart honum. Sjúkraliði starfar einkum við almenna og sérhæfða umönnun sjúkra og við þau hjúkrunarstörf sem hann hefur menntun og faglega færni til að sinna. Sjúkraliðar aðstoða skjólstæðinga sína við athafnir daglegs lífs, taka þátt í að meta ástand þeirra og koma upplýsingum til yfirmanns. Þeir meta líðan og árangur hjúkrunar, skrá algengar athuganir í hjúkrunarskrá, leitast við að fyrirbyggja fylgikvilla rúmlegu og hreyfingarleysis og aðstoða við hæfingu og endurhæfingu sjúklinga. Rétt til starfa sem sjúkraliðar hafa þeir sem leyst hafa til sín leyfisbréf sem landlæknir gefur út.

### (\*) Skýringar

Þessu skjali er ætlað að veita nánari upplýsingar um tilgreint skírteini en hefur sem slíkt ekkert lagalegt gildi. Framsetning þessarar lýsingar byggist á eftirtöldum textum: Ályktun ráðsins 93/C 49/01 hinn 3. desember 1992 um gagnsæi hæfnikrafna, Ályktun ráðsins 96/C 224/04 hinn 15. júlí 1996 um gagnsæi prófskírteina í starfsmenntun og Tilmælum Evrópuþingsins og ráðsins 2001/613/EC hinn 10. júlí 2001 um ferða- og dvalarfrelsi innan Evrópusambandsins fyrir námsmenn, þá sem eru í þjálfum, sjálfboðaliða, kennara og leiðbeinendur.

Nánari upplýsingar fast hjá: [www.cedefop.eu.int/transparency](http://www.cedefop.eu.int/transparency)

© Evrópusambandið 2002

## 5. LÖGFORMLEG ATRIÐI

<b>Nafn og staða stofnunar er gefur út skírteinið</b> Framhaldsskóli á Íslandi sem starfar á grundvelli laga um framhaldsskóla og aðalnámskrár framhaldsskóla sem mennta- og menningarmálaráðherra gefur út.	<b>Nafn og staða stjórnvalds lands eða svæðis sem annast vottun eða staðfestingu skírteinisins</b>  Mennta- og menningarmálaráðuneytið
<b>Menntunarstig skírteinisins (í landinu eða alþjóðlega)</b> Framhaldsskólastig Isced 3 Íslenski hæfniramminn (ISQF) 3. þrep – EQF 4. þrep	<b>Einkunnakvarði/ Kröfur til að standast próf</b> 1-10 Lágmarkseinkunn 5.
<b>Dæmi um áframhaldandi nám</b> Viðbótarnám til stúdentsprófs	<b>Alþjóðlegir samningar</b>
<b>Lagalegur grunnur</b> Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008. Lög um heilbrigðisstarfsmenn nr. 34/2012. Reglugerð um menntun, réttindi og skyldur sjúkraliða nr. 511/2013.	

## 6. UMFANG OG SKIPULAG MENNTUNAR

Meðalnámstími er þrjú ár og á þeim tíma er námi og kennslu hagað sem hér segir: nám í skóla í sex annir, námstími samtals 108 vikur að próftíma meðtöldum. Vinnustaðanám er samtals 16 vikur.

### Inngönguskilyrði

Grunnskólapróf

### Viðbótarupplýsingar

Frekari upplýsingar er að finna á:  
[www.menntamalaraduneyti.is](http://www.menntamalaraduneyti.is)

### Upplýsingamiðstöð í landinu

Mennta- og menningarmálaráðuneytið, [www.menntamalaraduneyti.is](http://www.menntamalaraduneyti.is)